

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2002/EES/47/23

frá 28. ágúst 2001

um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir uppþvottavélar(*)

(tilkynnt með númeri C(2001) 2600)

(2001/689/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 frá 17. júlí 2000 um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis bandalagsins ⁽¹⁾, einkum 3., 4. og 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að veita megi umhverfismerki bandalagsins fyrir vöru sem býr yfir eiginleikum sem gera það að verkum að hún stuðlar að verulegum umbótum hvað varðar helstu umhverfisþætti.
- 2) Í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að setja skuli sérstakar viðmiðanir fyrir umhverfismerki samkvæmt vöruflokkum.
- 3) Í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að endurskoðun á viðmiðununum fyrir umhverfismerki, sem og kröfunum um mat og sannprófun er varða viðmiðanirnar, skuli fara fram í tæka tíð áður en gildistímabili viðmiðananna, sem tilgreindar eru fyrir hvern vöruflokk, lýkur og skuli ljúka með tillögu að framlengingu, afturköllun eða endurskoðun.
- 4) Með ákvörðun 98/483/EB ⁽²⁾ setti framkvæmdastjórnin vistfræðilegar viðmiðanir vegna veitingar umhverfismerkis bandalagsins fyrir uppþvottavélar en samkvæmt 3. gr. þeirrar ákvörðunar, eins og henni var breytt með ákvörðun 2001/397/EB ⁽³⁾, falla þær úr gildi 31. janúar 2003.
- 5) Rétt er að endurskoða skilgreininguna á vöruflokknum og vistfræðilegu viðmiðanirnar, sem settar voru með ákvörðun 98/483/EB, þannig að þær endurspegli þróun á markaðnum.
- 6) Rétt er að framkvæmdastjórnin samþykki nýja ákvörðun þar sem settar eru sérstakar vistfræðilegar viðmiðanir fyrir þennan vöruflokk sem gilda í fimm ár.

7) Rétt er að bæði nýju viðmiðanirnar, sem eru settar með þessari ákvörðun, og viðmiðanirnar sem voru settar með ákvörðun 98/483/EB séu í gildi samtímis í takmarkaðan tíma, sem er ekki lengi en 12 mánuðir, til að fyrirtæki, sem fá umhverfismerki fyrir vörur sínar áður en þessi nýja ákvörðun er samþykkt, hafi nægan tíma til að aðlaga vörurnar þannig að þær séu í samræmi við nýju viðmiðanirnar.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, hafa verið unnar og samþykktar í samræmi við málsmæðferðina við setningu viðmiðana fyrir umhverfismerki sem mælt er fyrir um í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Vöruflokkurinn „uppþvottavélar“ (sem hér á eftir kallast „vöruflokkurinn“) er skilgreindur þannig:

„Uppþvottavélar til heimilisnota sem ganga fyrir rafmagni og eru seldar almenningi. Vélar, sem ganga einnig fyrir öðrum orkugjöfum, eins og rafhlöðum, eða eru án innri hitagjafa, eru undanþegnar.“

2. gr.

Meta skal umhverfisáhrif vöruflokksins, sem er skilgreindur í 1. gr., með hliðsjón af hinum sérstöku vistfræðilegu viðmiðunum sem koma fram í viðaukanum.

3. gr.

Skilgreiningin á vöruflokknum og viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn skulu gilda í fimm ár frá þeim degi sem þessi ákvörðun kemur til framkvæmda.

Breyta skal gildistíma skilgreiningarinnar á vöruflokknum og viðmiðununum, sem eru settar með ákvörðun 98/483/EB, þannig að hann renni út að 12 mánuðum liðnum frá þeim degi er þessi ákvörðun kemur til framkvæmda.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 242, 12.9.2001, bls. 23, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2002 frá 1. febrúar 2002 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 18, 4.4.2002, bls. 9.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 216, 4.8.1998, bls. 12.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 139, 23.5.2001, bls. 21.

4. gr.

Í stjórnsýslunni er kenninúmerið „002“ notað fyrir vöruflokkinn.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. ágúst 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Margot WALLSTRÖM

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

RAMMI

Til að geta fengið umhverfismerki verður upphvottavél (sem nefnist hér á eftir „varan“) að falla undir vöruflokkinn eins og hann er skilgreindur í 1. gr. og vera í samræmi við viðmiðanirnar í þessum viðauka, samkvæmt prófunum sem gerðar eru eins og segir fyrir um í viðmiðununum. Heimilt er að nota aðrar prófunaraðferðir, þar sem við á, ef þar til bæra stofnunin, sem metur umsóknina, fellst á að þær séu jafngildar. Þar sem engar prófanir eru tilgreindar, eða þar sem tilgreint er að þær séu notaðar til sannprófunar eða eftirlits, ber þar til bærnum stofnunum að byggja á yfirlýsingum og gögnum, sem umsækjandi lætur í té, og/eða óháðum sannprófunum eftir því sem við á.

Mælt er með því að þar til bærir aðilar taki tillit til þess, við mat á umsóknum og eftirlit með því að farið sé eftir viðmiðunum í þessum viðauka, hvort viðurkenndum umhverfisstjórnunarkerfum, svo sem EMAS eða ISO 14001, sé beitt (*aths.*: ekki er gerð krafa um að slík stjórnunarkerfi séu notuð).

Markmiðið með þessum viðmiðunum er einkum að:

- dregið verði úr umhverfisspjöllum eða umhverfishættu tengdri orkunotkun (hnattrænni hlýnun, súrnun, eyðingu óendurnýjanlegra auðlinda) með því að draga úr orkunotkun,
- draga úr umhverfisspjöllum tengdum notkun náttúrulegra auðlinda með því að draga úr vatnsnotkun,

Viðmiðununum er ætlað að stuðla að bestu framkvæmd (ákjósanlegustu notkun fyrir umhverfið) og að efla umhverfisvitund neytenda. Merkingin ihluta úr plasti stuðlar enn fremur að endurnýtingu vélarinnar.

Viðmiðanirnar eru hafðar þannig að þær stuðli að merkingu þeirra upphvottavéla sem hafa lítil umhverfisáhrif, einkum við notkun.

VISTFRÆÐILEGAR VIÐMIÐANIR

1. Orkunýtni

- a) Upphvottavélar fyrir borðbúnað fyrir 10 eða fleiri skulu hafa lægri orkunýtnistuðul en 0,58, eins og þeir eru skilgreindir í IV. viðauka við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/17/EB frá 16. apríl 1997, um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE með hliðsjón af merkingum upphvottavéla til heimilisnota ⁽¹⁾, miðað við sömu prófunaraðferð samkvæmt EN 50242 og sama þvottakerfi og var valið fyrir tilskipun 97/17/EB.

Upphvottavélar fyrir borðbúnað fyrir færri en 10, en fleiri en 5, verða að hafa lægri orkunýtnistuðul en 0,64, eins og þeir eru skilgreindir í IV. viðauka við tilskipun 97/17/EB, miðað við sömu prófunaraðferð samkvæmt EN 50242 og sama upphvottakerfi og var valið fyrir tilskipun 97/17/EB.

Upphvottavélar fyrir borðbúnað fyrir 5 eða færri verða að hafa lægri orkunýtnistuðul en 0,76, eins og þeir eru skilgreindir í IV. viðauka við tilskipun 97/17/EB, miðað við sömu prófunaraðferð samkvæmt EN 50242 og sama þvottakerfi og var valið fyrir tilskipun 97/17/EB.

Umsækjandi skal leggja fram afrit af þeim tæknigögnum sem um getur í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 97/17/EB. Gögnin skulu innihalda skýrslur um a.m.k. þrjár mælingar á orkunotkun gerðar samkvæmt EN 50242, þar sem notað er sama þvottakerfið og var valið fyrir tilskipun 97/17/EB. Hreint meðaltal þessara mælinga skal ekki vera hærra en framangreindar kröfur segja til um. Gildið sem er tilgreint á orkumerkimiðanum skal ekki vera lægra en þetta meðaltal og orkunýtniflokkurinn sem er tilgreindur á orkumerkimiðanum skal samsvara þessu meðaltali.

Við sannprófun, sem ekki er kraftist í umsókn, skulu þar til bærar stofnanir hafa í huga þau vikmörk og eftirlitsaðferðir sem mælt er fyrir um í EN 50242.

- b) Upphvottavélin skal vera þannig gerð að hægt sé að tengja hana við heita vatnslögn.

Umsækjandi skal lýsa því yfir að varan uppfylli þessar kröfur.

2. Vatnsnotkun

Vatnsnotkun upphvottavélarinnar (gefin upp sem $W_{(mælt)}$) skal vera minni eða jöfn mörkunum, sem eru skilgreind í jöfnunni hér á eftir, miðað við sömu prófunaraðferð samkvæmt EN 50242 og sama þvottakerfi og var valið fyrir tilskipun 97/17/EB.

$$W_{(mælt)} \leq (0,625 \times S) + 9,25$$

þar sem:

$W_{(mælt)}$ = mæld vatnsnotkun upphvottavélarinnar í lítrum í einum þvotti, gefin upp með einum aukastaf,

S = fjöldi borðbúnaðareininga af staðalstærð sem upphvottavélin getur tekið.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 118, 7.5.1997, bls. 1.

Umsækjandi skal leggja fram afrit af þeim tæknigögnum sem um getur í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 97/17/EB. Gögnin skulu innihalda skýrslur um a.m.k. þrjár mælingar á vatnsnotkun, gerðar samkvæmt EN 50242, þar sem notað er sama þvottakerfið og var valið fyrir tilskipun 97/17/EB. Hreint meðaltal þessara mælinga skal ekki vera hærra en framangreindar kröfur segja til um. Gildið sem gefið er til kynna á orkumerkimiðanum skal ekki vera lægra en þetta meðaltal.

Við sannpröfun, sem ekki er krafist í umsókn, skulu þar til bærar stofnanir hafa í huga þau vikmörk og eftirlitsaðferðir sem mælt er fyrir um í EN 50242.

3. Komið í veg fyrir óhóflega notkun þvottaefnis

Á sápuhólfi vélarinnar skulu vera greinilegar rúmmálsmerkingar svo að notandinn geti miðað magn þvottaefnis við tegund og magn hluta sem fara í vélina og það hversu óhreinir þeir eru.

Umsækjandi skal lýsa því yfir að varan uppfylli þessar kröfur.

4. Hávaði

- Hávaði, sem berst í lofti frá tækinu, reiknaður sem hljóðafli, skal ekki fara yfir 53 dB (A) fyrir gerðir sem eru ekki innbyggðar og ekki yfir 50 dB (A) fyrir gerðir sem eru innbyggðar. Hávaða skal mæla með sömu prófunaraðferð, samkvæmt EN 50242/EN 60704-2-3/EN 60704-3, og sama þvottakerfi og var valið fyrir tilskipun 97/17/EB.
- Upplýsingar um hávaðastig tækisins skulu standa þar sem neytandinn fær auðveldlega komið auga á þær. Þetta skal gert með því að koma þessum upplýsingum fyrir á orkumerkimiðanum fyrir uppþvottavélar.

Umsækjandi skal leggja fram afrit af þeim tæknigögnum sem um getur í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 97/17/EB. Gögnin skulu innihalda skýrslur um a.m.k. þrjár mælingar á hávaða, gerðar samkvæmt EN 50242, þar sem notað er sama þvottakerfið og var valið fyrir tilskipun 97/17/EB. Hávaði, sem er gefinn upp, skal vera samkvæmt þessum mælingum eins og mælt er fyrir um í stöðlunum sem um getur í EN 50242 og skal tilgreindur á orkumerkimiðanum.

Við sannpröfun, sem ekki er krafist í umsókn, skulu þar til bærar stofnanir hafa í huga þau vikmörk og eftirlitsaðferðir sem mælt er fyrir um í EN 50242.

5. Endurviðtaka og endurvinnsla

- Framleiðanda ber án endurgjalds að taka aftur við uppþvottavélum til endurvinnslu og þeim íhlutum sem hann hefur sjálfur skipt um, eða fengið einhvern annan til þess, nema um sé að ræða uppþvottavélar með íhlutum sem tilheyra þeim ekki.
- Hlutar úr plasti, sem vega meira en 50 g skulu bera varanlega merkingu, sem sýnir um hvaða efni er að ræða, í samræmi við ISO-staðal 11 469. Þessi krafa á ekki við um hluta úr pressuðu plasti.
- Hlutar úr plasti, sem vega meira en 25 g, skulu ekki innihalda eftirfarandi logavarnarefni:

Heiti	CAS nr.
Dekabromódífenýl	13654-09-6
Mónóbromódífenýletri	101-55-3
Díbrómódífenýletri	2050-47-7
Tríbrómódífenýletri	49690-94-0
Tetrabromódífenýletri	40088-47-9
Pentabromódífenýletri	32534-81-9
Hexabromódífenýletri	36483-60-0
Heptabromódífenýletri	68928-80-3
Oktabromódífenýletri	32536-52-0
Nónabromódífenýletri	63936-56-1
Dekabromódífenýletri	1163-19-5
Klórparaffín með 10-13 C-frumeinda keðjulengd, klórinnihald > 50% af þyngd	85535-84-8

- d) Hlutar úr plasti, sem vege meira en 25 g, skulu ekki innihalda logavarnarefni eða efnaþöndur sem innihalda efni sem hafa fengið eða geta fengið hættusetningarnar H 45 (getur valdið krabbameini), H 46 (getur valdið arfgengum skaða á erfðaeefni), H 50 (mjög eitrað vatnalífverum), H 51 (eitrað vatnalífverum), H 52 (skaðlegt vatnalífverum), H 53 (getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni), H 60 (getur dregið úr frjósemi) eða H 61 (getur skaðað barn í móðurkviði) eða neina samsetningu hættusetninga, sem inniheldur einhverja framangreindra hættusetninga, eins og skilgreint er í tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efna ⁽¹⁾, með síðari breytingum.

Þessi krafa gildir ekki um logavarnarefni, sem breyta eðli sínu svo við notkun að ekki er lengur unnt að fella þau undir neinar af þeim hættusetningum sem eru taldar upp hér fyrir framan né heldur ef minna en 0,1 % af logavarnarefninu heldur upphaflegum eiginleikum sínum í meðhöndluðum hlut.

- e) Framleiðandinn skal taka tillit til þess við hönnun uppþvottavélarinnar að hún sé tekin í sundur og skal hafa eftirlit með því þegar þvottavélin er tekin í sundur og leggja fram skýrslu þar að lútandi til þriðja aðila ef óskað er eftir því. Í skýrslunni skal meðal annars vera staðfest að:
- tengingar séu auðfinnanlegar og aðgengilegar,
 - auðvelt sé að finna og taka í sundur rafeindaeiningar,
 - auðvelt sé að taka vöruna í sundur með venjulegum verkfærum,
 - hægt sé að aðskilja ósamrýmanleg og hættuleg efni.

Umsækjandi skal lýsa því yfir að varan uppfylli þessar kröfur. Umsækjandi skal leggja fram afrit af skýrslu um það hvernig vélin skuli tekin sundur til þar til bærrar stofnunnar er metur umsóknina. Umsækjandi og/eða birgjar eða birgjar hans, eftir því sem við á, skulu tilkynna til þar til bærrar stofnunar hvaða logavarnarefni, ef einhver, hafa verið notuð í eða á plasthluti sem vege meira en 25 g.

6. Lenging endingartíma

- a) Framleiðanda ber að ábyrgjast að uppþvottavélin sé í lagi í tvö ár hið minnsta. Þessi ábyrgð skal gilda frá þeim degi sem viðskiptavinurinn fær tækið afhent.
- b) Í tólf ár frá því að framleiðslu er hætt ber að ábyrgjast að samhæfir varahlutir verði á boðstólum.

Umsækjandi skal lýsa því yfir að varan uppfylli þessar kröfur.

7. Hönnun vélarinnar

- a) Vélin skal vera þannig að gert sé ráð fyrir því að notandinn geti valið kerfi fyrir staðlaðan uppþvott með þvottaeefni sem gefur bestan árangur við hita sem er lægri en 65°C.
- b) Á vélinni skulu öll uppþvottakerfi vera greinilega merkt (til dæmis staðlaður uppþvottur, lágur hiti, hálfvull vél, lítið eða mjög óhreint o.s.frv.).
- c) Á vélinni skal eftir atvikum vera hægt að stilla saltskömmunina eftir hörku vatnsins á viðkomandi stað og á vélinni skal vera saltáflýngarmælir.

Umsækjandi skal lýsa því yfir að varan uppfylli þessar kröfur.

8. Uppþvottahæfni

Uppþvottavélin verður að lágmarki að fá uppþvottahæfniseinkunnina 1,00, eins og skilgreint er í IV. viðauka við tilskipun 97/17/EB, miðað við sömu prófunaraðferð, samkvæmt EN 50242, og þvottakerfi sem var valið fyrir tilskipun 97/17/EB. Uppþvottavélin fellur þannig undir uppþvottahæfnisflokka A eða B C eins og þeir eru skilgreindir í IV. viðauka við tilskipun 97/17/EB.

Umsækjandi skal leggja fram afrit af þeim tæknigögnum sem um getur í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 97/17/EB. Gögnin skulu innihalda skýrslur um a.m.k. þrjár mælingar á þvottahæfnistuðli, gerðar samkvæmt EN 50242, þar sem notað er sama, staðlaða þvottakerfið og var valið fyrir tilskipun 97/17/EB. Hreint meðaltal þessara mælinga skal vera hærra en ofangreint skilyrði segir til um. Þvottahæfnisflokkurinn sem er tilgreindur á orkumerkimiðanum skal samsvara þessu meðaltali.

Við sannprófun, sem ekki er krafist í umsókn, skulu þar til bærrar stofnanir hafa í huga þau vikmörk og eftirlitsaðferðir sem mælt er fyrir um í EN 50242.

9. Þurrkunarhæfni

Uppþvottavélin verður að lágmarki að fá þurrkunarhæfniseinkunnina 0,93, eins og skilgreint er í IV. viðauka við tilskipun 97/17/EB, miðað við sömu prófunaraðferð, samkvæmt EN 50242, og þvottakerfi sem var valið fyrir tilskipun 97/17/EB. Uppþvottavélin fellur þannig undir þurrkunarhæfnisflokka A eða B eins og þeir eru skilgreindir í IV. viðauka við tilskipun 97/17/EB.

⁽¹⁾ Stjóð. EB 196 16.8.1967, bls. 1.

Umsækjandi skal leggja fram afrit af þeim tæknigögnum sem um getur í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 97/17/EB. Gögnin skulu innihalda skýrslur um a.m.k. þrjár mælingar á þurrkunarhæfnistuðli, gerðar samkvæmt EN 50242, þar sem notað er sama, staðlaða þvottakerfið og var valið fyrir tilskipun 97/17/EB. Reiknað meðaltal þessara mælinga skal vera hærra en ofangreint skilyrði segir til um. Þurrkunarhæfnisflokkurinn, sem er tilgreindur á orkumerkimiðanum, skal samsvara þessu meðaltali.

Við sannprófun, sem ekki er krafist í umsókn, skulu þar til bærar stofnanir hafa í huga þau vikmörk og eftirlitsaðferðir sem mælt er fyrir um í EN 50242.

10. Notendaleiðbeiningar

Selja skal vélina með notendahandbók sem, meðal annars, veitir ráðleggingar um rétta notkun með tilliti til umhverfissjónarmiða og þá sérstaklega ráðleggingar varðandi hagstæðustu orkunotkun, notkun vatns og íblöndunarefna (þvottaefni, salt o.s.frv.) þegar vélin er notuð. Í notendahandbókinni skal eftirfarandi koma fram:

- a) eftirfarandi texti eða sambærilegur á forsiðu eða fyrstu síðu: „Þessi vara hefur fengið umhverfismerki ESB. Upplýsingar um hvernig draga meggi enn frekar úr umhverfisáhrifum er að finna í notendahandbókinni“;
- b) ráðleggingar um hvernig skuli koma vélinni fyrir þannig að hún gefi sem minnstan hávaða frá sér;
- c) ráðleggingar um að heitavatnstenging geti sparað frumorku og losun sem henni fylgir ef vatnið er hitað með sólarorku, veituvatni, nýtilkomnu hitunarkerfi þar sem jarðgasi eða olíu er brennt eða sístreymishitara sem brennir jarðgasi. Upplýsa skal notandann um að leiðslan á milli heitavatnsúttaksins og uppþvottavélarinnar eigi að vera stutt og vel einangruð;
- d) ráðleggingar um að miða saltskammt við hörku vatnsins á staðnum, ef við á;
- e) ráðleggingar um að þvo fulla vél eftir því sem kostur er;
- f) ráðleggingar um að ekki þurfi að skola hluti áður en þeir eru settir í uppþvottavélina;
- g) ráðleggingar um heppilegustu notkun á skol- og hlé-valmöguleikum, ef um slíkt er að ræða;
- h) ráðleggingar um fánleg þvottaefni sem gefa bestan árangur við hita sem er lægri en 65°C og eru orkusparandi;
- i) ráðleggingar um að miða þvottaefnisksammtinn við tegund og magn þeirra hluta sem eru settir í vélina og það hversu óhreinir þeir eru (til dæmis: í hálfulla vél þarf minna þvottaefni). Hafa ber hliðsjón af merkingunum í sápuhólfínu;
- j) upplýsingar um orku- og vatnsnotkun uppþvottavélarinnar eftir uppþvottakerfum til að notandinn geti valið kerfi sem nýtir best bæði orku og vatn og einnig upplýsingar um orkunotkun í biðstöðu.
- k) ráðleggingar um að hafa ekki straum á uppþvottavélinni að uppþvotti loknum, því að við það kann orka að tapast. Í notendahandbókinni ber að tiltaka þann tíma sem þarf til að ljúka hverju uppþvottakerfi;
- l) upplýsingar um orkuþörf við eftirfarandi stillingar: þegar slökkt er á vélinni, þegar tímastíllt þvottakerfi er í gangi, þegar þvottakerfi er á enda;
- m) ráðleggingar um viðeigandi viðhald uppþvottavélarinnar, þar með talið að hreinsa siur reglulega og upplýsingar um aðgengi að varahlutum;
- n) upplýsingar þess efnis að sé framangreindum ráðum ekki fylgt aukist notkun orku, vatns og/eða þvottaefnis sem getur leitt til þess að rekstrarkostnaðurinn verður hærri og þvottagetan minnkar;
- o) ráðleggingar um hvernig neytandinn geti nýtt sér endurvíðtökutilboð framleiðanda;
- p) upplýsingar um að varan hafi fengið umhverfismerki Evrópusambandsins ásamt stuttri skýringu á því hvað það merkir, og einnig að frekari upplýsingar um umhverfismerkið fái á vefsetrinu (<http://europa.eu.int/ecolabel>) og að þvottaefni fyrir uppþvottavélar séu fánleg.

Umsækjandi skal lýsa því yfir að varan uppfylli þessar kröfur og leggja fram afrit af notendahandbók til þar til berrar stofnunnar er metur umsóknina.

11. Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerkinu

Eftirfarandi texti skal standa í reit 2 á umhverfismerkinu:

- mjög lítil orkunotkun,
- lítil vatnsnotkun,
- hönnuð til að auðvelda endurvinnslu.